

Samþykktir (skipulagsskrá) fyrir LungA skólann ses.

Heiti

1. gr.

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn stofnunarinnar LungA skólinn ses.

Heimilisfang

2. gr.

Heimilisfang Lunga skólans ses. er að Austurvegi 4, 700 Seyðisfirði.

Tilgangur

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar LungA skólans er að stuðla að skapandi og listrænni menntun með áherslu á eflingu persónulegs þroska og þess að draga lærðom úr öllu því sem tekist er á við í daglegu lífi, með rekstri skóla þar sem kenndir eru áfangar samkvæmt námskrá skólans, allt eingöngu til almannaheilla. Hagnaði og eignum stofnunarinnar má einungis ráðstafa í þágu tilgangs stofnunarinnar eins og hann er skilgreindur í þessari grein. Stofnendum er óheimilt að taka hagnað eða aðrar eignir út úr stofnuninni.

Stofnendur

4. gr.

Stofnendur stofnunarinnar eru:

Björt Sigfinnsdóttir, kt. 270384-2859

Jonatan Spejlborg Jensen, kt. 120586-4599

Stofnfé

5. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000 kr., sem er framlag stofnenda félagsins og skiptist þannig:

Björt Sigfinnsdóttir: 500.000 kr.

Jonatan Spejlborg Jensen: 500.000 kr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar.

Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Tekjur

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera:

- Tekjur af skólagjöldum, námskeiðahaldi og viðburðum sem að starfsfólk eða nemendur skólans standa fyrir.
- Vaxtatekjur
- Styrkir, gjafir, auglýsingatekjur eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.
- Aðrar tekjur

MW,
Aves
R.T

Stjórn

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fimm mönum og að minnsta kosti tveimur varamönum. Hver stjórnarmeðlimur situr í þrjú ár með möguleika á endurnýjun einu sinni, eða alls sex ár.

Eingöngu má skipta út að hámarki þremur stjórnarmeðlimum hverju sinni. Stjórn kýs inn nýja stjórnarmeðlimi.

Óska skal eftir því að Múlaþing tilnefni fulltrúa í stjórn og að nemendur eigi fulltrúa á öllum stjórnarfundum.

Stjórn skiptir með sér verkum og kýs sér formann og ritara. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmeðlima sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir skal þó ekki taka án þess að allir stjórnarmeðlimir hafi haft tök á því að fjalla um málið. Halda skal fundargerðir um alla fundi.

8. gr.

Stjórnarmenn má ekki skipa úr röðum starfsfólks.

9. gr.

Formaður stjórnar eða framkvæmdastjóri boðar til stjórnarfundar. Hvern stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Sama rétt eiga framkvæmdastjórar. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Stjórn stofnunarinnar skal hittast minnst fjórum sinnum á ári eða þriðja hvern mánuð. Hægt er að krefjast auka stjórnarfundar með minnst viku fyrirvara.

10. gr

Stjórn stofnunarinnar ræður einn eða fleiri framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör þeirra.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða daglegan rekstur. Framkvæmdastjóri sér um reikningshald og ráðningu starfsfólks. Framkvæmdastjórar eiga rétt á setu á stjórnarfundum þótt þér séu ekki stjórnarmenn. Framkvæmdastjórum ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar þær upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

11. gr

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarfélög til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsári. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

12 gr.

Kynjahlutfall stjórnunarinnar skal vera dreift.

Reikningsárið

13 gr.

Starfsári og reikningsári er frá 1. janúar til 31. desember. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið gerð ársreikning og lagt fyrir endurskoðendur og stjórn eigi síðar en 15. júní ár hvert. Aðalfund stjórnar skal halda eigi síðar en fyrir júnílok ár hvert.

Ams
R.T

14 gr.

Hagnaður sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal varið til þeirra verkefna er tilgreind eru í 3. gr. þessara samþykktta. Þó er stjórn stofnunarinnar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

Breyting samþykktta, slit og sameining

15. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili.

16. gr.

Með tillögu um slit og skipti á stofnunni skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

17. gr.

Þar sem ákvæði samþykktta þessara ná ekki til um hvernig skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt á stjórnarfundi LungA skólans ses. 01. október 2024

Hannýla Þ. kt. 2609543429

Rólfur kt 090688 3839

Aðrin Myrr Stafnsdóttir kt 1502942749